

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er krónur 500 000.00 fimmhundruð þúsund krónur.

Sjóðurinn skal ávaxtaður á sem hagkvæmastan hátt og má aldrei skerða höfuðstól hans.

Árlega skal 1/5 hluti vaxta leggjast við höfuðstól sjóðsins en 4/5 hlutum vaxta varið til viðhalds kirkjubyggingarinnar.

5. gr.

Verði Goðadalakirkja lögð niður skal sjóðurinn ganga til þeirrar kirkju, sem verður sóknarkirkja núverandi Goðdalasóknar, en ákvæði skipulagsskrárinnar að öðru leyti vera óbreytt.

6. gr.

Sóknarnefnd Goðdalakirkju skal jafnframt vera stjórn sjóðsins og endurskoðendur kirkjunnar skulu endurskoða reikninga sjóðsins.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskránni.

22. september 1980.

Nr. 530.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið.

1. Bannað verður að leggja bifreiðum á Engjaseli.
2. Bann gegn stöðu bifreiða á Hallveigarstíg að sunnanverðu frá gaflí húss nr. 8 að Ingólfsstræti fellur úr gildi.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. október 1980.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 22. september 1980.

Sigurjón Sigurðsson.

19. september 1980.

Nr. 531.

AUGLÝSING**um umferð á Akureyri.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð á Akureyri:

1. Umferð um Bugðusiðu frá Austursíðu að Borgarbraut skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð úr aðliggjandi götum samkvæmt ákvæðum 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
2. Aukaleigugjöld á stöðumælareitum hafa nú verið ákveðin kr. 500.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 19. september 1980.

Elías I. Elíasson.